

Starfsgreinaráð	Bygginga- og mannvirkjagreinar
Starfsheiti	Trefjaplastsmiður
Dagsetning	31. ágúst 2022
Útgáfunúmer	0.2

Starfalýsing:

Trefjaplastsmiður er sérhæfður í smíði og viðgerðum á hlutum gerðum úr trefjastyrktu plasti. Hann starfar við framleiðslu á vörum úr plasti, bæði úr hitadeigu og hörðu. Hann starfar hjá fyrirtækjum sem smíða og gera við hluti úr trefjastyrktu plasti. Plastsmiður B starfar jafnframt við afgreiðslu og ráðgjöf við val á vörum til plastframleiðslu. Plastsmiður B getur starfað sem sérhæfður starfskraftur í plastsmiði.

Trefjaplastsmiður kann skil á öllum helstu verkþáttum plastsmiði og skipuleggur og vinnur sjálfstætt margvísleg sérhæfð störf tengd plastsmiði. Hann þekkir verkfæri og tæki og meðferð þeirra í daglegum störfum og getur metið, annast, útfært, framkvæmt á réttan hátt alla verkþætti trefjaplastsmíði. Hann getur metið ástand eldri hluta sem smíðaðir eru úr trefjastyrktu plasti.

Trefjaplastsmiður skipuleggur m.a. framleiðsluferli og velur hráefni til smíða og viðgerða á vörum úr trefjastyrktu plasti skv. reglugerðum þar að lútandi. Hann getur m.a. annast verkstjórn og unnið alla verkþætti við hvers kyns smíði og viðgerðir á vörum úr trefjastyrktu plasti og unnið að gæðastjórnun og innra eftirliti í fyrirtækjum.

Hæfnikröfur:

Hefur tileinkað sér færni og leikni í vinnubrögðum í plastsmiði og getur unnið á sjálfstæðan og ábyrgan hátt að öllum verkþáttum smíða og viðgerða á trefjastyrktu plasti.

Getur lesið, skilið og teiknað, samkvæmt reglum, stöðlum og venjum, tæknilegar vinnuteikningar og þrívíðar teikningar í fríhendi teikningu og í tölvu.

Getur greint aðstæður og grunnskilyrði við flutning og slíptöku á bátum.

Þekkir uppbyggingu og gerð kostnaðaráætlana, töflureikna og aðferðir við áætlanagerð auk helstu reglna sem fylgt er við gerð tölvutækrar verkáætlunar.

Getur skipulagt verkferla og forgangsraðað verkefnum.

Hefur þekkingu og skilning á uppbyggingu plasts, getur metið gæði hráefna og fullunninnar vöru, og hefur þekkingu og skilning á því hvernig mismunandi verklag og veðrun hefur áhrif á gæði trefjastyrkts plasts.

Getur skipulagt flæðirit og gæðaeftirlit og framkvæmt ástands- og gæðamat.

Þekkir lög og reglur er gilda um smíði úr trefjastyrktu plasti og hefur þekkingu á skráningu og lagaskyldri upplýsingagjöf.

Getur starfað sem verkstjóri og hefur þekkingu og skilning á helstu þáttum verkstjórnar. Getur borið ábyrgð á nemendum í starfsþjálfun ásamt yfirmanni fyrirtækis.
Þekkir grundvallaratriði sjálfbærni og umhverfisverndar, reglur um meðferð og notkun hættulegra efna og fylgir vistvænum viðmiðum við efnisval og framkvæmdir.
Hefur þekkingu og skilning á almennum ákvæðum um réttindi og skyldur starfsmanna og þekkir og fer eftir lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
Þekkir gæðakröfur og gæðakerfi og er fær um að meta eigin vinnu og annarra, tjá sig um fagleg málefni og leiðbeina öðrum.
Nemandi skal hafa grunnþekkingu á mótasmíði og geta greint á milli mismunandi aðferða í mótasmíði